

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1979

Nr. 7.

8

8. janúar 1979.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar fimmtudaginn 25. janúar 1979 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 8. janúar 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nr. 8.

15. mars 1979.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Sama gildir um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi, orlofsgreiðslur og bætur til launþega eða maka þeirra og barna, sem atvinnurekanda ber að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa.

Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta eða hafið innheimtuaðgerðir vegna vanskila á greiðslum þeim sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi.

2. gr.

2. málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu eða um það hvort krafa fellur innan ríkisábyrgðar getur ráðuneytið leitað úrskurðar skiptaréttar um það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til allra ofangreindra krafna sem gjaldfallnar eru á árinu 1978 og eftir það.

Gjört í Reykjavík 15. mars 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

16. mars 1979.

Nr. 9.

L Ö G**um vörugjald.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 8. gr. laga nr. 108 30. desember 1978, um breyting á lögum nr. 97 28. desember 1971, um vörugjald, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 97 28. desember 1971, um vörugjald, og gef þau út svo breytt.

1. gr.

Enginn má framleiða vöru í söluskyni, sem gjaldskyld er samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollstjóra í því umdæmi, sem framleiðslan fer fram.

Leyfisbréf er veitt heimild til framleiðslu gjaldskyldrar vöru samkvæmt lögum þessum skal koma í stað iðnaðarleyfis samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978. Leyfisbréf skal gilda í 5 ár talið frá útgáfudegi þess.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs skal greiða í ríkissjóð sérstakt leyfisgjald svo og fyrir endurnýjun þess. Leyfisgjald skal ákveðið samkvæmt 20. gr. laga nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs með áorðnum breytingum.

2. gr.

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraudur og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	Karamellur	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	Aðrar	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80